


Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. mars 2010
Tilvísun: UST20100100433/ksj

Ásahreppur. Aðalskipulag 2010 - 2022

Vísað er til erindis Rúnars Guðmundssonar byggingarfulltrúa er barst 12. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022.

Forsendur Aðalskipulags

Jarðfræði

Í umfjöllun um jarðfræði er komið inn á setlög frá síðjökultíma og þar á meðal hina svokölluðu Búðaröð sem er margföld röð jökulgarða sem mynduðust í ísaldarlok. Að mati Umhverfisstofnunar er um að ræða mikilvægar jarðmyndanir sem vert er að vernda og ber að mati stofnunarinnar að draga eins og kostur er úr efnistöku úr Búðaröðinni.

Umhverfisskýrsla

Atvinna

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagstillögunnar er farið yfir áhrif stefnu aðalskipulags er varðar atvinnu. Meðal annars er tafla yfir áhrif Urriðafossvirkjunar, en framkvæmdin hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, og eru áhrifin borin saman við núll kost. Í töflunni varðandi hagræna og félagslega þætti, kemur fram að neikvæð áhrif eru þau, að lón og framkvæmdir skerða landbúnaðarland og að náttúruminjar skerðist sem geti haft áhrif á ferðaþjónustu. Sem jákvæð áhrif eru talin til, að virkjunin styrki byggð og tekjumöguleika á byggingartíma og tekjugrunn sveitarfélagsins. Hvað náttúrufarslega þætti varðar, eru jákvæðir þættir þeir, að gert er ráð fyrir að lónið skapi góð uppeldisskilyrði seiða í Heiðarlóni, og að neikvæðu áhrifin verði að lón skerði gróður á svæðinu og áhrif verði neikvæð á fiskigengd og sjónræn áhrif verði neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrifin mikil, en í lokaniðurstöðu segir að mótvægisáðgerðir taki með fullnægjandi hætti á þeim annmörkum sem óhjákvæmilega fylgja svo stórum framkvæmdum. Umhverfisstofnun bendir á að rökstyðja þurfi þessa niðurstöðu með skýrari hætti, því óljóst er að jákvæð áhrif muni vega á móti þeim neikvæðu eins og rætt er um í umhverfisskýrslunni. Umhverfisstofnun bendir á að það sé m.a. tilgangur virkjunarinnar að skapa atvinnutækifæri í sveitarfélögum og að auka hagvöxt. Slíkt dragi þó ekki úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Skógrækt og landgræðsla

Í umfjöllun um skógrækt og landgræðslu koma fram mörg atriði er gilda um skógrækt og landgræðslu. Umhverfisstofnun telur að einnig þurfi að koma fram að samkvæmt 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Skipulagsáætlun fyrir Holtamannafrétt

Umhverfisstofnun tekur undir markmið sveitarfélagsins er varðar iðnaðarsvæði og eru: „ *Litt röskuðum svæðum verði hlíft fyrir virkjanaframkvæmdum*“ og að: „ *Ný iðnaðarsvæði verði í sátt við umhverfið.*“ Að standa við ofangreind markmið er afar mikilvægt, sérstaklega þar sem einstakar náttúruperlur eru á Holtamannafrétti.

Norðlingaölduveita

Í umhverfisskýrslu kemur fram að staðfestingu aðalskipulags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Norðlingaölduveitu er frestað þar sem breytingum á orkuvinnslu í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 hefur verið vísað til endurskoðunar skipulagsins. Umhverfisstofnun bendir á að nefnd á vegum 10 sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og Forsætisráðuneytis vinni að stækkun friðlands í Þjórsárverum.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisverndun votlendissvæða og styður endurheimt áður framræstra votlenda.

Jarðgufuvirkjun í Sveðjuhrauni, Hágönguvirkjun

Á skipulagsuppdraetti er afmarkað iðnaðarsvæði fyrir jarðgufuvirkjun í Sveðjuhrauni og gert er ráð fyrir rannsókn- og vinnslusvæði háhita í Sveðjuhrauni austan Hágöngulóns. Einnig kemur fram að niðurstöður rannsókna bendi til að útbreiðsla háhitakerfisins sé á bilinu 28 - 50 km². Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar er yfirborðshiti á þrem stöðum, tveir þeirra lentu undir vatni er Hágöngulón var fyllt, en þriðji staðurinn er vestast í Sveðjuhrauni. Umhverfisstofnun ítrekar að Sveðjuhraun er nútímahraun og skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu slík hraun njóta sérstakrar verndar, og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Stofnunin telur í ljósi þess, að rétt sé að draga úr stærð þess svæðis sem skilgreint er fyrir orkuvinnslusvæði, þannig að minna af hrauninu skerðist. Nú þegar hafa verið gerðir vegir og boraðar rannsóknaholur á háhitasvæði í Sveðjuhrauni. Iðnaðarsvæðið og svæði fyrir efnistöku í Sveðjahrauni var einnig afmarkað í Aðalskipulagi Ásahrepps 2002 - 2014, Holtamannafrétti. Athygli vekur að á aðalskipulagi Ásahrepps 2002 - 2014, Holtamannafrétti er víðtæk hverfisvernd á svæðinu umhverfis iðnaðarsvæðið í Sveðjuhrauni, nú er það svæði að mestu innan Vatnajökulspjóðgarðs, þó hefur hverfisvernd verið aflétt af stóru svæði norðan Hágöngulóns án þess að skýringu á því sé að finna í greinargerð.

Rafveita


Í umfjöllun um rafveitu á Holtamannafrétti kemur fram að nú þegar eru þar háspennulínur, sem tengjast þeim virkjunum er þegar hafa risið. Síðan segir: „ *tekið er frá línustæði fyrir Sprengisandslínu og Hágöngulínu 1, sem ráðgert er að tengist Sprengisandslínu norðan Kvíslavatna*“, og „*að gert sé ráð fyrir að Sprengisandslína liggja um hólma í Kvíslavatni í stað þess að liggja austan Kvíslaveitu eins og gert hafi verið ráð fyrir*“. Umhverfisstofnun


bendir á að ekki er fjallað um ástæður fyrir vali línustæðis hvorki fyrir Sprengisandslínu né Hágöngulínu, né færð rök fyrir staðarvalinu. Á uppdrætti eru línustæði afar óskýr og virðist ofangreind Sprengisandslína sýnd austan Kvíslarveitu þótt texti greini frá öðru. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti í umhverfismati áætlunarinnar að skoða þau svæði sem ráðgert er að ofangreindar háspennulínur fari um og greina frá helstu umhverfisáhrifum áformaðra framkvæmda. Einnig þyrfti að skoða fleiri kosti en þá sem greint er frá í skipulagstillögunni. Einnig skortir röksemdir fyrir því að áætlað er að breyta línustæði við Kvíslarveitu og skýra frá því hvaða umhverfisáhrif breytingin muni hafa.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf heildarumfjöllun um lagningu nýrra háspennulína á Holtamannafrétti að vera skýrari, greina þarf betur frá þeim svæðum sem ráðgert er að háspennulínur fari um og greina frá umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristin S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

